

# JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Stefna VSÓ Ráðgjafar er að gætt skuli fyllsta jafnréttis á milli kynja, starfsfólks af mismunandi þjóðernum og kynþáttum, aldurshópa, fatlaðra og ófatlaðra og á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra.

Fyrirtækið stefnir að fjölgun kvenna í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum.

Tryggja skal að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best og kynbundin mismunun eigi sér ekki stað.

## Stefnumið:

- Gæta skal jafnréttis við ráðningar starfsmanna og tilfærslur í starfi. Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.
- Greiða skal jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- Allir starfsmenn skulu eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun.
- Gera skal starfsmönnum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf.
- Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.